

Aðalhogfræðingur Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið auglýsir eftir umsóknum um starf aðalhogfræðings.

Aðalhogfræðingur ber faglega ábyrgð á hagrænum rannsóknum og greiningum á vettvangi Samkeppniseftirlitsins og sér til þess að þær aðferðir sem beitt er séu vandaðar og byggja á traustum hagfræðilegum grunni. Með það að markmiði stuðlar hann að uppbyggingu og þróun hagfræðilegrar þekkingar innan eftirlitsins og veitir hagfræðingum faglega leiðsögn.

Aðalhogfræðingur er virkur þátttakandi í forgangsöðun verkefna, verkstjórn og ákvörðunum um efnislega niðurstöðu athugana. Jafnframt er hann í samskiptum og samstarfi við fræðasamfélagið, innanlands og utan, og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi, m.a. á vettvangi EES/ESB, OECD og norrænna eftirlita.

Kröfur til starfsins

- Meistara- eða doktorspróf í hagfræði sem nýtist í samkeppniseftirliti.
- Framúrskarandi þekking á hagrænum aðferðum sem nýtast við rannsóknir samkeppnismála sem og markaðsgreiningum.
- Þekking á því lagaumhverfi sem samkeppnisyfirvöld starfa við, hér á landi eða erlendis, er kostur.
- Forystuhæfileikar og hæfni til að leiða faglega vinnu hagfræðinga.
- Frumkvæði, gagnrýnin hugsun og nákvæm vinnubrögð.
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti og til þátttöku í erlendu samstarfi.

Föst búseta á höfuðborgarsvæðinu eða Íslandi er ekki skilyrði.

Ráðningarferlið

Rýnihópur verður Samkeppniseftirlitinu til ráðgjafar um nánari viðmið sem liggja til grundvallar vali á aðalhogfræðingi og gefur álit á hæfni umsækjenda.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2026. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Með umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Sótt er um starfið á www.starfatorg.is.

Nánari upplýsingar um starfið gefa Páll Gunnar Pálsson, pall@samkeppni.is og Karítas Margrét Jónsdóttir, karitas@samkeppni.is.



Um Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið hefur eftirlit með samkeppni fyrirtækja í síbreytilegu atvinnulífi landsins. Eftirlitið spornar við óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinnur gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðveldar aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Hjá Samkeppniseftirlitinu starfar fjölbreyttur og þverfaglegur hópur sérfræðinga sem hefur brennandi áhuga og reynslu af samkeppnismálum. Samkeppniseftirlitið leggur áherslu á að starfsmenn þess fái tækifæri til að sinna spennandi verkefnum, þróast í starfi og viðhalda jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Nánari upplýsingar um Samkeppniseftirlitið má finna á www.samkeppni.is

Starfshlutfall 100% eða samkvæmt samkomulagi og laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til þess að ráða á grundvelli auglýsingarinnar næstu sex mánuði eftir birtingu hennar, sbr. reglur um auglýsingar á lausum störfum nr. 1000/2019. Við ráðningu hjá Samkeppniseftirlitinu er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Auglýsingin verður einnig kynnt á erlendum vettvangi og verður tekið við umsóknum frá hagfræðingum sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.